

2. gr.

Með hergögnum er í reglugerð þessari átt við:

- a) Skotvopn stærri en 5,6 mm að hlaupvídd (22 kaliber), eldvörpur, búnað til myrkvunar eða reykmyndunar, hvers konar skotpalla eða losunarbúnað fyrir sprengjur, eldflaugar, flugskeyti, tundurskeyti og tundurdufl.
- b) Skotfæri og aðrar hleðslur í þær tegundir vopna og búnaðar er greinir í a-lið, sem og hand- og jarðsprengjur.
- c) Sprengi- og tundurefni ásamt púðri og hvellhettum í búnað samkvæmt a- og b-lið.
- d) Sérhvert það tæki sem ætlað er til dreifingar efna í kjarnorku-, lífrænum- eða efnahernaði, sem og hleðslu í þau.

Við skilgreiningu hergagna samkvæmt reglugerð þessari skiptir eigi máli hvort hergagnið er flutt saman sett eða í hlutum.

Til hergagna teljast þó ekki venjuleg veiði- og markskotvopn, sem og neyðar- og viðvörunarbúnaður loftfarsins og annað það sem nauðsynlegt má telja vegna öryggis flugsins, áhafnarinnar og farþeganna. Sama gildir um skotelda o. þ. h., sbr. 1. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 165. gr. laga um loftferðir nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. sömu laga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 92. gr. og 186. gr. sbr. 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. júní 1983.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpu-
diski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpu-diski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

	U.S. \$ pr. lbs. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,20
Blokkfrystur hörpudiskur	3,00
Rauður hörpudiskur	1,77

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

Vélskelflett rækja:

Færri en 350 stk. í lbs.:

	SDR pr. lbs. cif.
Blokkfryst	2,800
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,935
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,800
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,261
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,419

Fleiri en 350 stk. í lbs. og óflokkuð:

Blokkfryst	2,676
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,800
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,676
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,104
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,261

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.